



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

María Markúsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 15. desember 2021
MÍ202112-0079/ 6.08 / S.G.

Hlíðarfjallsvegur – nýtt deiliskipulag.

Með tölvupósti sendum 13. desember 2021 óskaði María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála hjá Akureyrarbæ eftir umsögn Minjastofnunar Íslands vegna fyrirhugaðs deiliskipulags við Hlíðarfjallsveg 5. Meðfylgjandi var skipulagslýsing dagsett í desember 2021.

Svæðið er skilgreint sem athafnasvæði ætlað fyrir hreinlega umhverfsvæna atvinnustarfsemi. Svæðið liggur sunnan Hlíðarfjallsvegar og er um 6,5 ha að stærð. Markmið deiliskipulagsins er að skapa svigrúm fyrir uppbyggingu gagnavers og annarrar hreinlegrar og umhverfsvænnar atvinnustarfsemi á Akureyri.

Í kafla 2.3. í lýsinginni segir réttilega að fornleifaskráning hafi verið unnin fyrir Akureyrarbæ í tengslum við ýmis skipulags- og framkvæmdarverkefni. Fimm þeirra ná til skipulagssvæðisins og næsta nágrennis. Engar skráðar minjar eru á ofangreindum skipulagsreit. Minjavörður kannaði einnig svæðið á vettvangi þann 14. desember síðastliðinn. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugað skipulag en minnir á að deiliskipulagstillagan þarf að koma inn til umsagnar hjá stofnuninni.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun